

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Grandagarður 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 17. ágúst 2022, breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna lóðarinnar nr. 16 við Grandagarð. Í fyrirhugaðri breytingu felst að reitur 2 á lóð er færður samsíða byggingu frá norðausturhorni lóðar um u.þ.b. 20 m til suðvesturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 4. október 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 4. október 2022